

Agricultural Policies in OECD Countries: At a Glance - 2006 Edition

Summary in Icelandic

Stefnumótun í landbúnaði í OECD ríkjum: Í svipinn – útgáfa 2006

Útdráttur á íslensku

ÚTDRÁTTUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Landbúnaðargeirinn á OECD svæðinu einkennist áfram af miklum styrkjum

Árið 2005 var stuðningur við framleiðendur á OECD svæðinu, mældur sem hlutfall af niðurgreiðslujafngildi framleiðenda (PSE), 29% af búvörureikningum, sá sami og árið 2004 en hafði lækkað úr 37% frá árunum 1986-88. Niðurgreiðslujafngildi framleiðenda árið 2005 er metið á 280 milljarða bandaríkjadala, þ.e. 225 milljarða evra. Heildarstuðningur til landbúnaðargeirans sem felur í sér stuðning við framleiðendur, yfirfærslur sem snerta fjárhagsáætlun til neytenda og almenna þjónustu við landbúnaðinn samsvaraði 1,1% af vergri landsframleiðslu árið 2005 í samanburði við 2,3% árin 1986-88.

Það er áfram stigvaxandi tilfærsla frá flestum stefnumótunarverkfærum sem aflaga framleiðslu og verslun.

Umbætur í stefnumótun eru að breyta því hvernig framleiðendum er veittir styrkir. Hlutdeild þess obba af framleiðslu- og verslunaraðferðum sem aflaga styrkina – þeim aðferðum sem tengjast notkun á framleiðslu eða ílagi – minnkaði úr 91% af framleiðendastyrk á árunum 1986-88 niður í 72% á árunum 2003-05. Samdráttur í frágangstengdum stuðningi sést líka á umtalsverðri lækkun á muninum milli verðs framleiðenda innanlands og jaðarverðs. Á árunum 1986-88 var meðaltalsverð framleiðenda 57% hærra en jaðarverðið; þegar kom að árunum 2003-05 var munurinn orðið aðeins 27%. Samdrætti á þessum stuðningsaðferðum hefur fylgt hækkun greiðslna sem byggðar eru á flatarmáli eða dýrafjölda eða á sögulegum réttindum sem draga úr

áhrifum á búvörureikninga. Fylgniskilyrði, einkum umhverfislegs eðlis, tengjast í síauknum mæli slíkum greiðslum. Engu að síður eru ráðstafanir sem fylgja framleiðslu- eða ílagsnotkun enn ríkjandi gagnvart framleiðendastyrk í flestum löndum, hvetja til frálags, setja þrýsting á náttúruauðlindir og aflaga verslun. Þar að auki hefur aðeins orðið lítils háttar framför í átt að stefnumótun sem miðar að skýrt skilgreindum markmiðum og bótaþegum. Frekari viðleitni er þörf til að tryggja gagnsærri stefnumótun í reynd, sem er sérsniðin að ákveðinni útkomu og sveigjanleg í viðbrögðum við breyttum forgangsatriðum.

Umbætur vegna stefnumótunar í landbúnaði hafa verið misjafnar eftir löndum

Frá 1986-88 hefur framleiðendastyrkur sem hlutfall af búvörureikningum dregist saman í nánast öllum löndum. Mesta rýrnunin í prósentustigum þessa mælitækis hefur orðið í Kanada, Mexíkó (frá 1991-93) og á Nýja-Sjálandi. Meðal landanna sem eru með mikinn styrk hefur mesta lækkunin orðið á Íslandi, í Sviss og Kóreu. Heildarstuðningur við landbúnað hefur einnig dregist saman í nánast öllum OECD ríkjum sem hlutdeild heildarlandbúnaðarstuðnings í vergri landsframleiðslu.

Einhverjar stefnumótunarbreytingar voru útfærðar á landsvísu árið 2005, og aðrar voru ákveðnar

Útfærsla umbótanna árið 2003 hélt áfram í Evrópusambandinu með tilfærslu að hluta til mjólkurgreiðslna, og eingreiðsluáætlun í 10 aðildarríkjum. Kórea byrjaði að útfæra endurskoðun á hrísgrjónastefnu sinni sem felur í sér afnám stjórnvaldskaupa og innleiðingu beingreiðslna. Kanada innleiddi áætlunina um greiðslu vegna tekna af búskap, áætlun um að borga framleiðendum einstakar greiðslur, síðustu áætlunina í röð greiðslna í sérstöku augnamiði. Í Bandaríkjunum var kvóta- og verðstuðningi vegna tóbaks skipt út fyrir tímabundnar greiðslur, og greiðsla vegna tekjutaps í mjólkurframleiðslu var framlengd til ársins 2007. Tyrkland framlengdi verkefni sitt um útfærslu landbúnaðarumbóta til ársins 2007. Ísland endurskipulagði stofnanir sínar til að bæta skilvirkni stjórnunarinnar.

Árið 2005 samþykkti ráð Evrópusambandsins að breyta sykurfyrirkomulaginu. Frá árinu 2006 er ráðlagt verð fyrir hrá- og hvítan sykur skorið niður og ný greiðsla verður samþætt eingreiðsluáætluninni. Enn fremur var tekin upp ný reglugerð fyrir dreifbýlisþróun tímabilið 2007-2013. Ný undirstöðuáætlun fyrir matvæla-, landbúnaðar- og dreifbýlissvæði var sett á laggirnar í Japan. Meðal eiginleika hennar er innleiðingin frá árinu 2006 um nýjar beingreiðslur sem mun færa grunn stuðningsins frá einstaklingsvöru til fjölvöru. Lokasamkomulag náðist í Noregi um þjóðlega umhverfisáætlun á meðan staðbundnum áætlunum væri komið á fót.

Marghliða umbætur á landbúnaðarstefnu voru áfram torskildar

Doha-þróunarsamningalotan (DDA) um verslunarsamningaviðræður hélt áfram með umræðum um landbúnað sem hvíldi á þeirri burðargrind sem var samþykkt árið 2004. Aðferð til að koma á fót tollaígildi í hlutfalli við verðgildi var samþykkt og raunhæf tilboð voru gerð. Samningaviðræður ráðherranna í Hong Kong í desember 2005 lönduðu samkomulagi um að tryggja samhliða eyðingu allra tegunda útflutningsniðurgreiðslna og

verklagsreglna um allar útflutningsráðstafanir með samsvarandi áhrifum við lok árs 2013 sem er þó að sjálfsgöðu almennt háð samkomulagi um Doha-þróunarsamningalotuna. Mikilvæg mál sem tengjast aðferðum sem aflaga verslun með innanlandsstuðningi og því að bæta aðgengi að mörkuðum, einkum sem hlutfall af tollaniðurskurði, eru líka ennþá áberandi. Brún þörf er á framförum í þessum samningaviðræðum til að spýta nýju lífi í ferli stefnumótunarumbótanna í landbúnaði.

© OECD 2006

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

